

**Nd.**

**81. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Jón Ívarsson.

1. gr.

Á eftir V. c. í 9. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:

d. Geymsluhús fyrir kartöflur ..... kr. 5,00 1 m.<sup>3</sup>

Húsin séu vönduð að gerð, örugg gegn frosthættu og rúmi að minnsta kosti 4000 kg. af kartöflum hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Mæling og úttekt á kartöflugeymslum fer í fyrsta sinn fram á árinu 1940, og eru þær geymslur styrkhæfar, sem gerðar hafa verið síðan í ársbyrjun 1939.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrætt. Fylgdu því þá eftirfarandi athugasemdir:

Á síðustu árum hefir garðræktin farið mikið vaxandi í landinu, og mun nú komið svo á þessu ári, að uppskera á kartöflum gerir sennilega meira en að samsvara því, sem þjóðin hefir árlega notað að undanfögnu. Þegar uppskeran er orðin svo mikil sem nú, verður mikill hluti hennar að geymast lengur eða skemur, sumt langt fram á sumar. Skiptir því mjög miklu, að góðar geymslur séu til og öruggar fyrir frostum, bæði vegna þess hluta uppskerunnar, sem er verzlunarvara, en ekki síður vegna útsæðisins, sem nauðsyn ber til að vanda geymslu á.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að kartöflugeymslur verði styrkhæfar á sama hátt og heyhlöður. Virðist ekki ósanngjarnt að gera þessum nauðsynlega húsakosti við framleiðsluna jafnhátt undir höfði. Að sjálfsögðu þurfa geymslurnar að vera vel gerðar og öruggar til þess, sem þær eru ætlaðar, og mætti fela Búnaðarfélagi Íslands að setja reglur um frágang þeirra og gerð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sett sé stærðarlágmark sem skilyrði þess, að styrkur sé veittur, enda virðist ekki veruleg ástæða til að styrkja mjög litlar geymslur.

Ekki er tilætlunin að veita styrk til annara geymsluhúsa en þeirra, sem framleiðendur láta sjálfir reisa; koma því ekki undir þetta styrkákvæði kartöflugeymslur, sem verzlunar eða aðrir slíkir aðilar kunna að láta gera. — Það er vafalaust heppilegra að hlynna að því, að framleiðendur sjálfir geti geymt kartöfluppskeruna á meðan hún bíður þess að verða seld, heldur en að kosta til stórra geymsluhúsa í þessu skyni í kaupstöðum og kauptúnum, því að hætt er við, að varan mundi með því verða verðhærri fyrir neytendurna, vegna meiri vinnukostnaðar þar en hjá framleiðendum.

Með bráðabirgðaákvæðinu er lagt til, að styrktar séu geymslur, sem gerðar hafa verið á þessu ári, en ekki eldri, og yrðu þær teknar út með jarðabótum, sem trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands mæla á næsta ári.